


Kjarasamningarnir 2011: Víti til varnaðar?

Líkt og flestum er eflaust kunnugt um eru kjarasamningar á næsta leiti en samningar frá 21. janúar síðastliðnum eru lausir 30. nóvember næstkomandi. Niðurstöður samninganna munu hafa umtalsverð áhrif á efnahagsþróun á komandi misserum, þá einkum þróun verðbólgu og kaupmáttar. Áður en gengið er að samningsborðum er ágætt að staldra við og líta til baka á samningana árið 2011, hvaða áhrif þeir höfðu á efnahagslífið og hver raunverulegur ábati launafólks var.

Eitt meginmarkmið kjarasamninga er að bæta hag launafólks, sérstaklega þeirra lægst launuðu, í gegnum nafnlaunahækkanir og vaxandi kaupmátt. Í kjarasamningunum árið 2011 var samið um almenna launahækkun upp á 11,4% yfir samningstímabilið, sem var þrjú ár. Komu launahækkanirnar fram í nokkrum skrefum, fyrst í júní 2011, svo febrúar 2012 og sú síðasta í febrúar 2013. Frá undirritun kjarasamninganna í maí 2011 hefur launavísitalan hækkað um 17,6% á meðan kaupmáttur hefur aðeins aukist um 7,4% á sama tíma sökum hækkandi verðlags. Bendir það til þess að kjarasamningarnir hafi falið í sér of miklar launahækkanir sem hafi verið fyrirtækjum um megn.



Heimild: Hagstofa Íslands


Olía á verðbólguþalið

Alla jafna er talið að svigrúm til launahékkana vaxi í samræmi við framleiðnivöxt vinnuafsl. Hækki laun umfram framleiðnivöxt verður því eitthvað undan að láta. Hér á landi hafa nafnlaun hækkað töluvert umfram framleiðni sem þýðir að launakostnaður á framleidda einingu hefur farið vaxandi. Er gjarnan talað um launaverðbólgu í þessu samhengi en hún leiðir nær alltaf til hækunar verðlags, annað hvort í gegnum gjaldskrárhækkanir fyrirtækja eða með veikingu gjaldmiðils.

Líkt og sést á neðangreindri mynd hefur launakostnaður á framleidda einingu farið ört vaxandi hér á landi á undanförunum árum. Þá hefur vöxturinn verið mun meiri en á Evrusvæðinu og hinum Norðurlöndunum, að Noregi undanskildum sem fylgir fast á hæla okkar með 47% vöxt frá árinu 2005 samanborið við 51% vöxt hér á landi. Í uppfærðri spá Seðlabankans er gert ráð fyrir hægari framleiðnivexti en áður var talið og þar af leiðandi töluverðum vexti í launakostnaði á framleidda einingu, eða u.þ.b. 4,2% á ári.

Launakostnaður á framleidda einingu


- vísitala = 100 árið 2005



Verðlagshækkunarir eru nær óhjákvæmilegar ef nafnlaun hækka umfram framleiðnivöxt. Sýndi það sig vorið 2011 en þá fór verðbólga vaxandi á ný í kjölfar kjarasamninga, eftir að hafa lækkað mikið frá árinu 2009. Fleiri þættir en kjarasamningar spiluðu inn í vaxandi verðbólgu, s.s. gengislækkun og hækkun olíuverðs, og því betra að horfa á kjarnavísitölu 1 (K1) til að einangra betur áhrif launahækkana á innlent verðlag. K1 er að einhverju leyti leiðrétt fyrir verðbreytingum og gengisáhrifum sem innlend fyrirtæki hafa ekki áhrif á og endurspeglar því innlenda þátt verðbólgunnar betur en vísitala neysluverðs. Í kjölfar kjarasamninganna vorið 2011 tók K1 að hækka nokkuð skarpt og var ársverðbólgan komin í 4,4% aðeins þremur mánuðum eftir að samningarnir tóku gildi. Þá héldu verðbólguvæntingar áfram að hækka. Hér þarf þó að athuga að K1 er ekki að fullu leiðrétt fyrir gengisáhrifum, s.s. í mat og drykk og skýrist hækkunin því ekki eingöngu af samþykkt kjarasamninganna. Þannig var vísitalan búin að hækka nokkuð í undanfara samninganna sökum annarra áhrifaþátta.


Kjarasamningar, verðbólga og gengisþróun

- ársbreyting



Hér að neðan er dregin upp gleggri mynd af áhrifum kjarasamningsbundinna hækkanu á verðbólgu. Aftur er notast við K1 en nú er búin að leiðrétta hana fyrir útsöluáhrifum og miðað við mánaðarverðbólgu. Greiningardeild hefur áður fjallað um áhrif kjarasamninganna á verðbólgu, sjá [Kjarasamningar: 1% launahækkun leiðir til 0,15-0,2% hækkunar VNV](#), en líkt og við bentum á þá hækkaði vísitala launa að meðaltali um 2,8% við hverja kjarasamningsbundna hækkanu en K1 um 0,4% á næstu þremur mánuðum eftir hækkanu. Rennir það stóðum undir þá kenningu að atvinnurekendur hafi þurft að velja launahækkunum út í verðlagið.

Kjarasamningsbundnar hækkanir og verðbólga - breyting milli mánaða, leiðrétt fyrir útsöluáhrifum




Bremsur á bata vinnumarkaðar

Kjarasamningar geta haft mikil áhrif á framvindu efnahagsbatans, ekki eingöngu í gegnum verðlagsþróun heldur einnig í gegnum þróun á vinnumarkaði. Hækki nafnlaun umfram framleiðnivöxt getur það haft þau áhrif að minna verði um ráðningar en áður og jafnvel fjölgun uppsagna í þeim geirum sem eiga hvað erfiðast og atvinnuleysi er hæst.

Þegar kjarasamninga bar að garði vorið 2011 mátti greina nokkurn bata á vinnumarkaði, meðalvinnutími hafði aukist og heildarvinnustundum (margfeldi fjölda starfandi og venjulegs vinnutíma) fjölgað. Líkt og sést á neðangreindri mynd virðist sem kjarasamningarnir hafi sett strik í reikninginn en í kjölfar þeirra tók að hægja á batanum og heildarvinnustundum að fækka á ný.


Kjarasamningar og bati á vinnumarkaði - breyting á milli ársfjórðunga, árstíðarleiðrétt



Þá ber hlutfall starfandi þess einnig merki að kjarasamningar hafi grafið undan bata á vinnumarkaði. Ef miðað er við þriðja ársfjórðung árið 2010 sem grunnpunkt, líkt og gert er hér að neðan, sést hvernig hlutfall starfandi hefur vaxið jafnt og þétt. Í kjölfar kjarasamninganna má merkja töluvert bakslag í vextinum, til að mynda hafði hlutfallið hækkað um 0,4 prósentustig á fjórða ársfjórðungi 2010, m.v. þriðja ársfjórðungi 2010, en aðeins um 0,3 prósentustig ári síðar. Þannig lækkaði hlutfall starfandi nokkuð í kjölfar kjarasamninganna.

Hlutfall starfandi

- prósentustigsbreyting frá 3F 2010, árstíðarleidd



Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands

Kjarasamningarnir árið 2011 höfðu háleit markmið og áttu að blása til sóknar í atvinnulífinu. Samningarnir byggðu á forsendum sem voru ef til vill full metnaðarfullar miðað við þær efnahagslegu aðstæður sem ríktu á þessum tíma enda hefur meirihluti þeirra ekki gengið eftir. Í stað þess að tryggja stöðugleika í efnahagslífinu þá fylgdu samningunum vaxandi verðbólga og bakslag í bata vinnumarkaðar. Þannig varð raunverulegur ábati launafólks langt frá því sem lagt var upp með. Því er nauðsynlegt að í komandi kjarasamningum taki samningsaðilar tillit til þess hvaða áhrif samningsgerðin mun hafa á verðlag, verðbólguvæntingar, vaxtastig og þróun vinnumarkaðar.

Greiningardeild Arion banka

Elvar Ingi Möller
elvar.moller@arionbanki.is
444-6981

Hafsteinn Hauksson
hafsteinn.hauksson@arionbanki.is
444-6993

Erna Sverrisdóttir
erna.sverrisdottir@arionbanki.is
444-6991

Stefán Broddi Guðjónsson, ábm.
stefan.gudjonsson@arionbanki.is
444-6959

Fannar Jónsson
fannar.jonsson@arionbanki.is
444-6962

[Hér má finna fyrirvara](#)